

# Reglugjörð

15  
7. mars

um breyting á reglugjörð 30. nóv. 1908, um eldvarna- og slökkvilið á Akureyri.

15. gr. orðist þannig:

Reglugjörð þessa skal endurskoða fyrir 1. janúar 1916.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 42, 20. okt. 1905, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. mars 1913.

H. Hafstein.

*Jón Hermannsson.*

# Endurskoðuð reglugjörð

16  
13. mars

um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar (Oddeyri).

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóvember 1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883, tekur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að sjer vatnsveituna í ytri hluta kaupstaðarins, og hefir bæjarstjórnin á hendi alla stjórn og umráð vatnsveitunnar.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd, er hún kys til þriggja ára í senn, og skulu að minsta kosti 2 bæjarfulltrúar eiga sæti í nefndinni.